



RAMMI FYRIR AFREKSSTEFNUR SÉRSAMBANDA ÍSÍ

1. Afreksstefna er leiðin að langtímamarkmiðum viðkomandi íþróttagreinar og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagrein.
2. Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vill starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagreinar.
3. Afreksstefnan þarf að taka á eftirfarandi þáttum, s.s.:
 - a. Almenn atriði
 - i. Hvernig og hvenær varð stefnan til, hverjir komu að þeirri vinnu sem og árafjöldi stefnu
 - ii. Ábyrgðaraðilar og nefndir sem koma að hverjum þætti afreksstefnunnar
 - iii. Hlutverk félaga og sérsambands í afreksstarfi
 - b. Almenn þátttaka í íþróttinni og hæfileikamótun
 - i. Hver er staðan í dag og hvaða leiðir á að fara til að auka almenna þátttöku í íþróttagreininni
 - ii. Aldursviðmið í tengslum við afreksstarf
 - iii. Hæfileikamótun sérsambands
 - iv. Kröfur um ástundun og æfingamagn
 - v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - c. Afreksíþróttafólk
 - i. Skilgreiningar á afrekum í viðkomandi íþróttagrein
 - ii. Skilgreiningar á afrekshópum í viðkomandi íþróttagrein
 - iii. Skilgreiningar á landsliðsverkefnum í viðkomandi íþróttagrein
 - iv. Hvernig er valið í hópa og lið sérsambands
 - v. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - d. Þjálfarar
 - i. Hvernig á að efla hæfni/getu/menntunarstig þjálfara í íþróttagreininni
 - ii. Kröfur til þeirra þjálfara sem koma að afreksþjálfun í viðkomandi íþróttagrein
 - iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - e. Aðstaða
 - i. Stefna varðandi aðstöðu fyrir afreksstarf íþróttagreinarinnar til æfinga og keppni
 - ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - f. Stoðþjónusta
 - i. Skilgreining á stoðþjónustu, fag- og heilbrigðisteymi sérsambands og rammi þess málaflokks
 - ii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið
 - g. Fjármögnun
 - i. Fjárhagslegar upplýsingar eða vísan í fjárhagsáætlun sérsambands
 - ii. Áætlanagerð og hverjir koma að henni
 - iii. Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið



4. Ekki er nauðsynlegt að byggja stefnuna upp á sama hátt og dæmið hér fyrir ofan, svo framarlega sem að fjallað er um ofanverða efnisþætti í stefnunni.
5. Stefnan skal vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands ár hvert.
6. Sérsamband skal leggja áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum og deildum, þjálfurum, iðkendum, aðstandendum íþróttamanna og öðrum þeim sem stefnan tengist.
7. Afreksstefna sérsambands skal vera aðgengileg á heimasíðu viðkomandi sérsambands.
8. Afreksstefnur sérsambanda ÍSí skulu sendar Afreks- og Ólympíusviði ÍSí til staðfestingar sem jafnframt skal birta afreksstefnur sérsambanda á heimasíðu sinni.
9. Afreksstefnur sérsambanda ÍSí skulu taka mið af Stefnuyfirlýsingu ÍSí um afreksíþróttir (Afreksstefnu ÍSí) sem er til umfjöllunar á Íþróttþingi ÍSí.
10. Samkvæmt Afreksstefnu ÍSí ber stjórn Afrekssjóðs- ÍSí að flokka sérsambönd í afreksflokk samkvæmt sínum viðmiðum. Afreks- og Ólympíusvið ÍSí gefur út nánari leiðbeiningar um þær kröfur sem gerðar eru til sérsambanda í hverjum flokki fyrir sig í Leiðbeiningum um ramma fyrir afreksstefnur.
11. Eins og tilgreint er í Afreksstefnu ÍSí ber sérsamböndum ÍSí í samráði við ÍSí að móta sér tímasett markmið og aðgerðaráætlanir vegna þeirra. Skulu markmiðin vera mælanleg og taka mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem afreksstefna sambandsins skilgreinir. Aðgerðaráætlunin skal fylgja afreksstefnunni og birta á heimasíðu sambandsins. Jafnframt ber sérsamböndum, í samvinnu við ÍSí, að skilgreina afrek í sinni grein sem og alþjóðleg mót í A, B eða C flokk.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 16. nóvember 2017.